

Útrás RSK

Norrænn skattavefur – NordiskeTax.net

Það verður sífellt algengara að fólk eigi skattalegra hagsmuna að gæta í fleiru en einu landi. Skattyfirvöld á Norðurlöndunum hafa brugðist við þessu og í maí síðastliðnum opnuðu þau vefinn, **NordiskeTax.net**. Hann er afrakstur samstarfsverkefnis, en RSK var falin tæknileg framkvæmd og sá því um hönnum og smíði vefsins, auk hýsingar. Þar er að finna víðtækar upplýsingar um skattamál í löndunum. Vefurinn er einfaldur í uppbyggingu og aðgengilegur. Hann hefur þrjár víddir, þ.e. tungumál, land og efnisflokk, og er hægt að flakka á milli þeirra að vild. Þannig má byrja á því að velja á hvaða máli textinn skal vera, hvaða land upplýsinga er óskað um og síðan efnisflokk. Ef sambærilegra upplýsinga er óskað fyrir annað land, er það land einfaldlega valið. Efnið á vefnum er á öllum norrænu málunum sem og á ensku og ætti því ekki að vera við tungumálaörðugleika að etja í þessu sambandi.

Í byrjun var ákveðið að á vefnum yrðu fjórir meginefnisflokkar sem líklegast þótti að mest myndi reyna á. Þeir eru; vinna í öðru landi, fasteign í öðru landi, lífeyrisþegar og námsmenn. Í hverjum efnisflokki eru tvö sjónarhorn, þ.e. reglur búsetulandsins og reglur hins landsins sem í hlut á. Rétt þótti að takmarka efnissviðin í upphafi, m.a. vegna umfangs vefsins en hver nýr efnisflokkur hefur í för með sér 60 vefsíður (5 lönd x 6 tungumál x 2 sjónarhorn), sem halda þarf við og uppfæra. Þessu til viðbótar eru svo almennar upplýsingar, t.d. um skattkort, kennitölu, framtöl o.fl.

Nordisk eTax býður jafnframt upp á fullkomið fyrirspurnarkerfi þar sem hægt er að senda inn rafrænar fyrirspurnir til skattyfirvalda Norðurlandanna. Þeim er svarað af vefskattstofu eða sýndarskattstofu, sem skattyfirvöld landanna standa að. Starfsfólk vefskattstofunnar vinnur saman á vefnum og nýtir einfalt kerfi til samvinnu og úrvinnslu mála.

Loks er rétt að geta rúsínunnar í pylsuendanum, en hún er klukka sem sýnir staðartímann í hverju landi fyrir sig, sem getur til dæmis komið sér vel þegar fólk þarf að átta sig á hvort norrænar kauphallir og skattstofur eru enn opnar eður ei!